

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga
10 801

Ársreikningur 2020

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Starfsþáttayfirlit	6
Skýringar	7

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga
Fjárlagaliðurinn er í umsjón
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis
kt. 580417-0780
Sölvhólsgötu 7, 101 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs.

Starfsemi ríkisaðila fellur undir málefnavið 8 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 21.350,2 milljónir og afkoma kr. -91,7 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -91,7 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 900,0 milljónir.

Fjárlagaliðurinn á kröfu á Jöfnunarsjóð sveitarfélaga vegna dóms Hæstaréttar frá 14. maí 2019 þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að ákvæði reglugerðar nr. 960/2010 sem kvað á um að framlög Jöfnunarsjóðs til þeirra sveitarfélaga þar sem heildarskatttekjur væru að minnsta kosti 50% umfram landsmeðaltal myndu falla niður, væri ekki í samræmi við þann lagaáskilnað 2. mgr. 78. gr. stjórnarskrárinnar sem segir að mæla skuli fyrir um tekjustofna sveitarfélaga í lögum. Ríkissjóður innti af hendi greiðslu vegna dómsins og samkomulags sem gert var við fimm sveitarfélög í framhaldi af honum, samtals að fjárhæð 935,3 milljónir. Jöfnunarsjóður greiddi liðlega 35,3 milljónir upp í skuld við ríkissjóð á árinu 2020 og mun greiða árlega tiltekna fjárhæð upp í skuldina fram til ársins 2025.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í samræmi við lög um opinber fjármál. Ársreikningurinn er undirritaður með fyrirvara um þann viðbótartexta sem settur er fram með skýringu nr. 4 um eigið fé. Staðfesting forstöðumanns nær ekki til umrædds texta.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Ragnhildur Hjaltadóttir
Ráðuneytisstjóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	21.350.200.000	20.698.400.000
Tekjur samtals		21.350.200.000	20.698.400.000
Gjöld			
Framlög og tilfærslur	3	21.416.862.000	20.141.360.000
Annar rekstrarkostnaður		25.000.000	0
Gjöld samtals		21.441.862.000	20.141.360.000
Afkoma ársins		<u>(91.662.000)</u>	<u>557.040.000</u>
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	0	557.040.000
Rekstrartilfærslur		(91.662.000)	0
		<u>(91.662.000)</u>	<u>557.040.000</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
Eignir			
Veltufjármunir			
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		900.000.000	935.282.407
Veltufjármunir samtals		<u>900.000.000</u>	<u>935.282.407</u>
Eignir samtals		<u>900.000.000</u>	<u>935.282.407</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	4		
Hrein eign		(91.662.000)	557.040.000
Eigið fé samtals		<u>(91.662.000)</u>	<u>557.040.000</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar		991.662.000	378.242.407
Skuldir samtals		<u>991.662.000</u>	<u>378.242.407</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>900.000.000</u>	<u>935.282.407</u>
Aðrar upplýsingar	5		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(91.662.000)	557.040.000
		(91.662.000)	557.040.000
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		35.282.407	(935.282.407)
Tengdir aðilar		56.379.593	378.242.407
		91.662.000	(557.040.000)
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>0</u>	<u>0</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé í árslok		<u>0</u>	<u>0</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Starfspáttayfirlit um afkomu ársins 2020, fjárveitingar, breytingar þeirra og stöðu

	Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög 10 801 110 Málefna svið - málaflokkur 08 10	Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sérstök framlög 10 801 111 08 10	Samtals 2020
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	19.210.200.000	2.140.000.000	21.350.200.000
Tekjur samtals	19.210.200.000	2.140.000.000	21.350.200.000
Gjöld			
Rekstrartilfærslur	19.276.862.000	2.140.000.000	21.416.862.000
Annar rekstrarkostnaður	25.000.000	0	25.000.000
Gjöld samtals	19.301.862.000	2.140.000.000	21.441.862.000
Afkoma fyrir fjármagnsliði	(91.662.000)	0	(91.662.000)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður	0	0	0
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	0	0	0
	0	0	0
Afkoma ársins	(91.662.000)	0	(91.662.000)

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok aðrar en vegna fjárfestinga:

Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum	21.121.200.000	0	21.121.200.000
Fjáraukalög	229.000.000	0	229.000.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	(2.140.000.000)	2.140.000.000	0
Fjárveiting til tekna	19.210.200.000	2.140.000.000	21.350.200.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi	(19.301.862.000)	(2.140.000.000)	(21.441.862.000)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(91.662.000)	0	(91.662.000)
Staða fjárveitinga 2019 í lok þess árs	0	0	0

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti starfspáttayfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlaun tekna

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2020	2019
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	21.350.200.000	20.698.400.000

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	0	21.121.200.000	0	21.121.200.000
Fjáraukalög	25.000.000	204.000.000	0	229.000.000
Fjárveiting til tekna	25.000.000	21.325.200.000	0	21.350.200.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum	(25.000.000)	(21.416.862.000)	0	(21.441.862.000)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	0	(91.662.000)	0	(91.662.000)

	2020	2019
3 Framlög og tilfærslur		
Rekstrartilfærslur aðrir	21.416.862.000	20.141.360.000
	<u>21.416.862.000</u>	<u>20.141.360.000</u>

4 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2020	31.12.2019
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	557.040.000	233.151.000
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	(557.040.000)	(233.151.000)
Afkoma ársins	(91.662.000)	557.040.000
Jöfnuður 31.12.	<u>(91.662.000)</u>	<u>557.040.000</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

5 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Engir skuldbindandi samningar.

Veittar ábyrgðir

Fjárlagaliðurinn hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Fjárlagaliðurinn hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.